

116. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund mánudaginn 29. janúar 2007 kl. 18.00 í kaffistofu skólans.

- Dagskrá: 1. Skýrsla skólastjóra.
2. Önnur mál.

Mætt voru Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Sigurborg Sturludóttir og Daði Jóhannesson.

1. Skýrsla skólastjóra.

Árið fer ljúflega af stað að sögn Jóhönnu.

Lítilsháttar breytingar hafa orðið, 3,5 nemendapláss losnuðu og er búið að ráðstafa þeim.

Stigspróf eru þessa dagana í tónfræði (1. og 2. stig), Jóhanna ræddi um nauðsyn þess að bæta við 30 mín. á viku vegna 5. stigs tónfræði. Hún mun senda bréf til bæjarráðs með frekari útskýringum.

Verið er að undirbúa TónVest sem haldið verður hér í Stykkishólmi 28. febrúar nk. Þemað verður “samspil” og munu flestallir nemendur skólans taka þátt í því.

Samstarf er hafið á milli Martins og Baldurs sem er slagverkskennari í Grundarfirði. Hópar þeirra munu hittast einu sinni í mánuði. Verkefnið gengur undir nafninu “Trommusveit Snæfellsness”.

Jóhanna sagði frá bréfi frá Prófanefnd tónlistarskóla. Þar eru niðurstöður grunn- og miðprófa bornar saman við landsmeðaltal 2004-2005 og 2005-2006 og megum við vel við una.

Tónlistarskólinn hefur fengið afhenta “skólastofuna” sem grunnskólinn fékk til afnota fyrir nokkrum árum og hefur verið samnýtt síðan.

Martin hefur sagt upp stöðu sinni við skólann. Staðan verður auglýst.

2. Önnur mál.

Rætt var um útsendingu greiðsluseðla. Mælt er með að greiðsluseðlar verði sendir út ekki síðar en 1. nóvember og 1. mars.

Fundi slitið kl. 19.07.

Sigurborg Sturludóttir (sign.),
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),
Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.),
Daði Jóhannsson (sign.).